

Ályktanir aðalfundar Náttúruverndarsamtaka Suðurlands 5. maí 2011, ásamt greinargerðum með þeim

Ályktun um friðland að Fjallabaki og verndun Torfajökulsvæðisins

Aðalfundur Náttúruverndarsamtaka Suðurlands haldinn á Selfossi 5. maí 2011 skorar á umhverfisráðherra, Umhverfisstofnun og viðkomandi sveitarfélög að koma hið fyrsta á samráðsnefnd sem hafi með höndum stjórnarsýslu Friðlands að Fjallabaki svo sem kveðið er á um í skilmálum friðlýsingar frá árinu 1979.

Greinargerð:

Margvíslegar ógnanir steðja að Friðlandi að Fjallabaki, sí vaxandi fjöldi ferðamanna er farinn að setja mark sitt á náttúru Friðlandsins, innviðir þess eru langt í frá nægilega burðugir til þess að taka við þeim fjölda ferðamanna sem undanfarin ár hefur heimsótt Friðlandið. Skipulagsleysi er ríkjandi. Vinsæl og fjölfarin gönguleið, Laugavegurinn, liggur um það, nýjar gönguleiðir hafa verið skipulagðar og stikaðar án alls samráðs við Samráðsnefndina, nýjar byggingar skjóta upp kollinum án þess að byggingarleyfis hafi verið óskað, og hugmyndir eru uppi um gámahótelbyggingu á svæðinu. Þá hefur einhver frumathugun verið gerð á varanlegri vegalagningu um svæðið, sem hefði í för með sér alvarlegt rask á viðkvæmri hálendisnáttúru svæðisins. Engin samráðsnefnd um Friðland að Fjallabaki er nú starfandi. Engir fundir voru haldnir síðarihluta starfstíma fyrrverandi samráðsnefndar.

Ályktun um friðlandið í Dyrhólaey

Aðalfundur Náttúruverndarsamtaka Suðurlands haldinn á Selfossi 5. maí 2011 skorar á umhverfisráðherra að koma á réttlátri stjórnun friðlandsins í Dyrhólaey sem í senn virðir meginákvæði friðlýsingarinnar, rétt íbúanna til sjálfbærrar nýtingar á svæðinu, og stuðlar að endurreisn fuglalífs sem er megin aðráttarafl eyunnar fyrir ferðafólk. Fundurinn skorar á ráðherra að beita sér fyrir því að ákvarðanir um stjórnun og rekstur eyunnar stefni þessum markmiðum ekki í hættu, heldur tryggi áframhaldandi ábyrgð íbúanna í Dyrhólahverfi á verndun og nýtingu eyunnar, í samstarfi við aðra landeigendur og opinbera aðila. Um leið og fundurinn fagnar ákvörðun um auknar fjárveitingar til staðarins hvetur fundurinn ráðherra til að beita sér fyrir því að staðnum sé lokað fyrir almennri umferð á varptíma með það fyrir augum að endurreisa lamað fuglalíf eyunnar, sem verða mun öllum aðilum til hagsbóta ef til lengri tíma er litið.

Greinargerð:

Dyrhólaey var friðlýst árið 1978 að frumkvæði heimamanna, en friðlýsing hennar kveður á um að óheimilt sé að skaða eða trufla fuglalíf í eyinni, að hefðbundnar nytjar bænda skuli haldast og að almenningi sé heimil för um eyna innan þeirra marka sem friðlýsingin að öðru leyti kveður á um. Vegna mikils álags af umferð ferðamanna hefur orðið mikið tjón á fuglalífi, gróðri og landi, auk þess sem bændur hafa orðið fyrir búsílfjum vegna hrakandi æðarvarps sem opnun eyunnar á varptíma hefur leitt til. Fuglalífið hefur jafnan verið aðal aðráttarafl eyunnar og því er lífsspursmál að bjarga því sem eftir er og gera gangskör að endurreisn þess. Íbúar á bæjunum í Dyrhólahverfi (sem eru ábúendur og landeigendur) hafa að því er virðist einir og óstuddir borið hitann og þungan af verndun eyunnar með miklum tilkostnaði.

Núverandi sveitarstjórn Mýrdalshrepps skipaði fyrir nokkru 3ja manna nefnd sem fjallað hefur um málefni eyunnar án samráðs við aðra landeigendur (þ.e. íbúa í Dyrhólahverfi). Fulltrúar sveitarstjórnar hafa um margra mánaða skeið fundað með Umhverfisstofnun í þeim tilgangi að fá stofnunina til að afhenda sveitarfélaginu umsjón og rekstur eyunnar, og hafa þessir aðilar nú undirritað samning, sem ekki hefur enn tekið gildi þar sem umhverfisráðherra þarf skv. lögum að staðfesta slíka samninga. Engu að síður réð sveitarfélagið landvörð á Dyrhólaey, án auglýsingar og án samráðs við aðra landeigendur og ábúendur, en með fullri vitund Umhverfisstofnunar, og hefur hann þegar hafið störf.

Þessar ráðstafanir og vinnubrögð sveitarfélagsins og Umhverfisstofnunar eru til þess fallnar að auka enn á deilur um staðinn. Dyrhólaey er einn af eftirsóttustu ferðamannastöðum landsins einkum vegna fuglalífsins, sem þarf þessvegna að vernda sérstaklega, m.a. með því að beita heimild í friðlýsingu til að takmarka umferð á svæðið 1. maí til 25. júní. Miklir möguleikar felast í verndun og enduruppbyggingu fuglalífs á Dyrhólaey, bæði fyrir íbúana á svæðinu og fyrir ferðamenn almennt, ef rétt er á haldið og réttur landeigenda og íbúa er virtur.

Ályktun um stofnun svæða án erfðabreyttra lífvera

Aðalfundur NSS haldinn á Selfossi fimmtudaginn 5. maí 2011 fagnar því að hafin er skipuleg skráning svæða án erfðabreyttra lífvera og búfjár sem ekki er fódrað á erfðabreyttu fóðri. NSS hvetur bændur, sveitarfélög og aðra umráðamenn lands á Suðurlandi til að skrá land sitt og búfé í þennan gagnagrunn og vernda með því umhverfi sitt, heilbrigði búfjár og neytenda, og styrkja um leið ímynd hreinleika og óspilltrar náttúru. Þá hvetur NSS bændur, afurðastöðvar og önnur matvælafyrirtæki til að nota eingöngu aðföng og hráefni sem eru ómengduð af erfðabreyttum efnum og að upplýsa neytendur um það.

Greinargerð:

Vísað er til fyrri ályktana NSS um erfðabreyttar lífverur, m.a. um sama efni á aðalfundi samtakanna 2009, þar sem bent er á þá áhættu sem fylgir útiræktun erfðabreyttra plantna og fóðrun búfjár á erfðabreyttu kjarnfóðri. Enn bætist í safn rannsókna sem aðilar óháðir líftækniyrirtækjum hafa gert og benda til skaðlegra umhverfis- og heilsufarsáhrifa erfðabreytinga og erfðabreyttra afurða. Þrátt fyrir það hefur Umhverfisstofnun leyft útiræktun á erfðabreyttu lyfjabyggi í Gunnarsholti næstu árin og líftækniyrirtækið ORF Líftækni hefur áform um stórfellda útiræktun þess í sveitum landsins. Á sama tíma heldur áfram að streyma inn til landsins ómerkt erfðabreytt soja og maís sem notað er í ríku mæli til fóðrunar á svínum, alifuglum og nautgripum. Kynningarátak um erfðabreyttar lífverur hefur komið á fót skipulegri skráningu svæða sem lýst eru án erfðabreyttra lífvera í gegnum heimasíðu átaksins www.erfdabreytt.net. Þar geta bændur einnig skráð búfé sem ekki er fódrað á erfðabreyttu fóðri.

Ályktun um ræktun olíurepju á Íslandi

Aðalfundur NSS haldinn á Selfossi fimmtudaginn 5. maí 2011 varar við áformum um stórfellda ræktun repju til olíuframleiðslu hér á landi. NSS bendir á að framleiðsla repjuolíu er kostnaðarsöm ef litið er til þeirrar orku sem hún útheimtir og að hún dregur ekki úr losun kolefnis út í andrúmsloftið. Notkun mikils lands til framleiðslu eldsneytis er óskynsamleg fyrir þjóð sem þarf að nýta allt sitt besta ræktunarland til framleiðslu á fóðri og matvælum. Rannsóknir benda til þess að lífildsneyti sé ekki eins umhverfisvænt eða öruggt og af er látið. Þá er umtalsverð áhætta fólgin í innflutningi á fræi olíurepju frá svæðum utan Evrópu vegna þess að miklar líkur eru á því að það sé mengað með erfðabreyttu repjufræi. NSS krefst þess að yfirvöld upplýsi um þessar hliðar repjuræktunar í stað þess að hvetja bændur og aðra athuganaust til slíkrar framleiðslu. Jafnframt krefjast samtökin þess að landbúnaðarráðherra og Matvælastofnun leyfi aðeins innflutning á repjufræi ræktuðu í Evrópu og seldu af birgjum sem tryggja að það sé ómengað af erfðabreyttu fræi.

Greinargerð:

Miklar umræður hafa átt sér stað að undanförunu um möguleika Íslendinga á því að framleiða lífildsneyti með ræktun á olíurepju. All margir bændur hafa verið fengnir til þátttöku í tilraunum með ræktun á olíurepju og vinnslu á eldsneyti úr henni. Umfjöllun um kosti lífildsneytisframleiðslu hefur verið mjög einhliða og einblínt mjög á skammtíma ágóða af henni fyrir þá sem framleiða olíuna. Minna hefur verið hugað að umræðu um umhverfisáhrif hennar, þjóðhagslega hagkvæmni og áhrif á landnýtingu með tilliti til matvælaöryggis og sjálfbærni.

Rannsóknir sýna að framleiðsla á lífildsneyti, t.d. á etanóli úr maís, kann að útheimta meiri orku en hún skilar. Ekki hefur verið gerð úttekt á því hvort skynsamlegra er að nota ræktunarland okkar til framleiðslu á lífildsneyti eða til framleiðslu á matvælum og fóðri. Á undanförunum áratugum hafa verið gerðar nokkrar tilraunir til að skjóta nýjum stofnum undir atvinnulíf landsbyggðarinnar. Þær hafa endað með misjöfnum árangri vegna þess að farið hefur verið fram meir af kappi en forsjá.

Olíurepja sem ræktuð er í miklum mæli í Norður-Ameríku er nær öll erfðabreytt. Vegna þess hve auðveldlega repjuplantan berst út í umhverfið og víxlfrjóvgast við villtar plöntur hefur ræktun erfðabreyttrar olíurepju valdið svo stórfelldri erfðamengun í Kanada og Bandaríkjunum að hún hefur næstum þurrkað út ræktun hefðbundinnar og lífrænnar repju, og þannig valdið þúsundum bænda miklum búsigfum. Ef repjufræ er flutt inn til Íslands frá löndum utan Evrópu, einkum frá Kanada og Bandaríkjunum, eru miklar líkur á að fræið sé mengað með erfðabreyttu fræi. Sáning á menguðu repjufræi gæti haft óbætjanlegt tjón í för með sér fyrir landbúnaðinn og fyrir íslenska náttúru.

Ályktun um Vatnajökulsþjóðgarð

Aðalfundur Náttúruverndarsamtaka Suðurlands haldinn á Selfossi 5. maí 2011 fagnar framsýnni Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs, sem ráðherra umhverfismála staðfesti í febrúar s.l. Mikilvægast er að nú gefst tækifæri til að hlúa að framsýnum markmiðum stærsta þjóðgarðs í Evrópu, þar sem horft er til framtíðar varðandi náttúruvernd, skipulagningu göngu- og umferðarleiða gesta og móttöku ferðamanna, svo koma megi í veg fyrir frekara tjón náttúrunnar vegna óheftrar og óskipulagðrar umferðar ökutækja og mannvirkjagerðar sem allt of víða blasir við. Aðalfundur Náttúruverndarsamtaka Suðurlands skorar á umhverfisráðherra og stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs að standa vörð um metnaðarfulla, nýstaðfesta Verndaráætlun þessa stærsta þjóðgarðs Evrópu.

Greinargerð:

Mikilvægt er að að horfa til langrar framtíðar varðandi hálendi Íslands, víðerni, mannvirkjagerð og að vélvæddri útivist verður að setja skorður, rétt göngufólks á fáförnum opnum landsvæðum skal virða. Akstur utan vega er verulegt vandamál á hálendi Íslands. Á hverju sumri koma hópar fólks á óskráðum vélhjólum og aka án hiks um viðkvæm gróðursvæði á suðurhálendinu. Uppi eru áform um að láta undan skammsýnum kröfum fámenns hóps jeppafólks um að aka megi um Vonarskarð og að þeir fái að aka leið sem þeir bjuggu til norðan Dyngjufrjalla. Líklegt er að ef gefið verður eftir hvað varðar framangreindar umferðarleiðir og þær opnaðar aftur, þá muni í kjölfarið verða sótt í að gerð verði ökuleið um Þjórsárver og Arnarfellsmúla og víðar. Því er afar mikilvægt að hvergi verði bakkað frá ákvæðum Stjórnunar- og verndaráætlunar Vatnajökulsþjóðgarðs um umferðarleiðir ökutækja og veiðifriðland við Snæfell og Eyjabakka.